

Eyþing - áhersluverkefni 2020

Verkefni	Efling sagnamiðlunar Iðnaðarsafnið á Akureyri kt. 430798 2519
Markmið	<p>Sótt er um styrk til að efla miðlun á þeirri sögu sem grunnur og markmið Iðnaðarsafnsins byggist á.</p> <p>Sú saga sem safnið heldur utan um er tiltölulega nálægt okkur í tíma og stór hluti safngesta hefur beina tengingu við þá starfsemi sem fram fór í fyrirtækjum bæjarins á 20. öldinni. Ýmist hefur fólk unnið hjá fyrirtækjunum, átt nána ættingja sem þar störfuðu eða á minningar um notkun þess varnings sem framleiddur var. Eftir því sem tíminn líður eykst þó hlutfall gesta sem hefur ekki þessa beinu tengingu auk þess sem þeim fjölgar sem engin tengsl hafa við íslenskt samfélag.</p> <p>Vegna þessarar þróunar verður æ mikilvægara að miðla iðnaðarsögunni frá grunni, fanga og varðveita anda þessa merkilega tímabils í akureyrsku samfélagi. Iðnaðarsafnið hefur, í formi viðtala og samtala í gegnum tíðina, safnað bæði upplýsingum um muni, sem og myndum og frásögnum af lífi og starfi þess fólks sem vann við iðnað á Akureyri, og notkun þeirra vara sem framleiddar voru. Mikilvægt er að halda þeirri söfnun áfram og nýta þannig þau beinu tengsl sem enn eru við söguna en jafnframt er mikilvægt að setja aukinn kraft í miðlun þessara sagna.</p>
Stutt verkefnislýsing	Iðnaðarsafnið telur að sögunum þurfi að miðla í meira mæli með hljóði og mynd. Í því skyni er sótt um styrk til að koma því efni sem nú þegar er til, í það form sem gerir gestum safnsins sýninguna aðgengilegri en nú er. Fyrsta skrefið er að útbúa lesmál og hljóðskrár á ensku og íslensku sem safngestir geta sótt í snjalltæki sín jafnóðum og gengið er um sýninguna.
Framkvæmdaaðili	Iðnaðarsafnið á Akureyri – Jóna Sigurlaug Friðriksdótti safnstjóri, ásamt löggiltu fagfólki í þýðingum.
Samstarfsaðilar	
Tengsl við sóknaráætlun 2020-2024 og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	<i>Að jákvætt viðhorf íbúa til menningar aukist</i> <i>Að hamingja innan landshlutans aukist</i> <i>Kynna og miðla menningararfleið svæðisins til íbúa í auknum mæli (stafræn miðlun)</i>

	<p><i>Efla menningartengda ferðaþjónustu (...) og tengja ferðamenn betur við sögu svæðisins.</i></p> <p>Að áhugi ungmenna á hagnýtri kunnáttu aukist (4.4)</p> <p>Áhersla á staðbundna framleiðsluvörur og menningu (8.9)</p> <p>Að tryggja jöfn tækifæri allra til að upplifa menningu (10.3)</p>
Árangursmælikvarðar	Örkönnun við lok safnaheimsóknar. Niðurstöður yrðu birtar einu ári eftir að gagnvirkni í sýningarhaldi (stafræn miðlun) yrði tekin í notkun.
Lokaafurð	<p>Skilvirkari þekkingaröflun</p> <p>Gagnvirkni í miðlun sýninga gerir þekkingaröflun fljótlegri og markvissari. Gagnvirkni hækkar einnig þjónustustig safnsins. Gagnvirkni gerir þannig upplýsingaöflun til nemenda, kennara, rannsakenda, listafólks, fjölmiðla, erlendra ferðamanna og annarra gesta; gagnlegri. Gagnvirkni gerir lðnaðarsafnið að virkum þátttakanda í fjórðu iðnbyltingunni.</p>
Tímarammi	Verkefnið yrði unnið í júní, júlí og ágúst 2020.
Áætlaður kostnaður	780.000
Framlag úr sóknaráætlun 2020	390.000